

Ritdómur

Reformationen i dansk kirke og kultur,

1. bindi: 1517–1700, 443 bls.

2. bindi: 1700–1914, 464 bls.

3. bindi: 1914–2017, 611 bls.

Ritstjórar Niels Henrik Gregersen og Carsten Bach-Nielsen,
Óðinsvém: Syddansk Universitetsforlag, 2017

Á júbílárinu 2017 var haldið upp á siðbótina með margháttaðu móti um gjörvalla hinn lútherska heim rétt eins og gert var hér á landi. Víða hefur líklega verið rætt hvort fagna ætti afmælinu eða bara minnst þess á lágstemmdan máta. Þetta er ný nálgun. Á fyrri siðbótarafmælum hafa hátíðarhöldin einkennst af fögnuði á meira eða minna „tríumfalískum“ nótum. Samkvæmt hinu klassíska evangelíska sjónarhorni (endur-)uppgötvaði Lúther sannleikann og lútherskar kirkjur voru þar af leiðandi handhafar hans. Þær voru því ótvíræðir sigurvegarar í siðbótartogstreitunni og fögnuðu því á 100 ára fresti. Nú hefur ekúmeníkin aftur á móti lægt öldurnar og leitt til þess að samkeppnin milli kirkna mótmælenda og einkum þeirrar rómversku hefur vikið fyrir samtali sem hefur skilað sér í meiri gagnkvæmni en áður, samkennd, virðingu, tillitssemi og skilningi eða a.m.k. meiri kurteisi. Þessu jafnvægi vildu fæstir raska á afmælisárinu. Segja má að þessi dempaða leið hafi verið farin hér í öllum þeim fjölmörgu og fjölbreyttu viðburðum sem afmælisnefnd Þjóðkirkjunnar efndi til eða kynnti fyrir annarra hönd og voru margir á lágu nótunum. Á hinn bóginn var ákveðið að hringja ekki til „þjóðhátíðar“ í Hallgrímskirkju eins og vissulega hefði verið hugsanlegt að gera. Það hefði samt verið óskynsamlegt og líklegt til að mistakast. Kristnihátíðin á Þingvöllum um þúsaldamótin einkenndist af „aðstreymisvanda“. Líklegt er að hann hefði orðið enn tilfinnanlegri sautján árum síðar enda tilefnið mun sérhæfðara. Vissulega er þjóðin að yfirgnæfandi meirihluta lúthersk. Það er á hinn bóginn á huldu hversu sterk áhrif sú staðreynd hefur á sjálfsmynd hennar. Lúthersk þjóðhátíð hefði því án efa misst marks.

Siðbótarafmælið var skipulagt og kostað á mismunandi máta eftir löndum og endurspeglar sá háttur sem hafður var á á hverjum stað mismunandi samband ríkisvaldsins og lúthersku kirkjunnar. Ríki og kirkja stóðu saman að kristnihátíðinni árið 2000 enda hugmyndin á bak við hana að kristnitakan hefði verið einn af stóratburðum bæði þjóðar- eða a.m.k. þingsögunnar og kirkjusögunnar. Því bæri Alþingi og Þjóðkirkjunni að standa saman að þúsund ára afmæli hennar. Siðbótarafmælið var aftur á móti skoðað sem einkamál kirkjunnar sem henni bæri að standa að á eigin vegum.¹ Þessu var öðru vísi farið í Danmörku. Þar skipaði kirkjumálaráðuneytið undirbúningsnefndina — *Præsidium for Reformationsjubilæet*

¹ Því skal vissulega haldið til haga og þakkað að Alþingi styrkti útgáfu íslensks „afmælisrits“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, með yfirllestri handrita og prófarkalestri.

2017 — og kostaði hátíðarhöldin m.a. útgáfu afmælisritsins sem hér stendur til að kynna. *Reformationen i danske kirke og kultur* 1–3 er að því leyti hliðstæða *Kristni á Íslandi* 1–4. Munurinn á fjármögnun hátíðarhaldanna endurspeglar mismunandi tengsl ríkis og kirkju í löndunum tveimur. Þjóðkirkjan hér á landi er vel aðgreind frá ríkisvaldinu, sem stofnun. Svo er alls ekki í Danmörku. *Den danske folkekirke* er nær því að vera kirkja af því tagi sem hér starfaði lengst af á tuttugustu öld og undirritaður hefur kallað „gömlu íslensku þjóðkirkjuna“ til aðgreiningar frá þjóðkirkju dagsins í dag. Til dæmis um tengsl ríkis og kirkju í Danmörku má benda á að danskir kirkjumenn líta svo á að *Folketinget* ummyndist í kirkjuþing þegar það fjallar um málefni sem hér á landi skoðast sem sérmál kirkjunnar. Slík metafysík er vissulega torskilin en skýrir eigi að síður að siðbótarafmælinu skuli hafa verið hleypt af stokkunum í kirkjumálaráðuneytinu í Danmörku en á Biskupsstofu hér.

Bæði hér og í Danmörku gerðu aftur á móti bæði kirkjan og akademían sitt til að siðbótarafmælisins yrði minnst á verðugan hátt. Siðbótin var enda atburður sem gerðist á vettvangi beggja stofnananna, líkt og Lúther stóð með sinn fótinn í hvorri, presturinn og prófessorinn. Í báðum löndunum var því efnt til rannsóknarverkefna með það að markmiði að gefa út þverfræðileg afmælisrit. Margt er skylt með verkunum tveimur. Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og/eða Guðfræðistofnun Háskóla Íslands var bólverk okkar rits en guðfræðideild Hafnarháskóla þess danska. Að því komu þó einnig fræðimenn frá Árósum, Hróarskeldu og Óðinsvéum. Það endurspeglar því mikla breidd hvað háskólastofnanirnar varðar. Það gerði íslenska ritið líka þar sem mörg svið Háskóla Íslands komu þar við sögu, auk Hugvísindasviðs, sem og utanaðkomandi fræðafólk. Undirbúningur beggja ritanna hófst árið 2011. Markviss vinna við ritið sjálft hófst 2013 hjá okkur en ritun hins danska ári síðar. Bæði komu þau svo út á afmælisárinu. Bæði eru ritin söfn sjálfstæðra ritgerða eftir marga höfundu af ýmum fræðasviðum. Munurinn er samt mikill. Við, hér heima, náðum að skrapa saman efni í eitt bindi upp á rúmar 500 bls. Danirnir gáfu út rúmlega þrisvar sinnum stærra verk í blaðsíðum talið og í þremur bindum. — Það er þó ekki aðalmunurinn.

Í formála láta ritstjórar danska afmælisritsins þess getið að verkið sé að líkindum samstæðasta og fjölþættasta greinargerðin eða umfjöllunin sem tekin hafi verið saman um „reforma-sjónina“ í Danmörku síðustu 500 árin. — Hér skiptir máli hvernig hugtakið *reformation* er þýtt: siðbót, sið(a)skipti eða siðbreyting. Á íslensku hafa þessi heiti verið notuð sem samheiti um allan pakkann, þ.e. guðfræði og kirkjugagnrýni Lúthers, (kirkju-)pólítískar afleiðingar gagnrýnnar, sem og félags- og menningarleg áhrif. Hefur fólk svo valið heiti eftir smekk sem ýmist hefur mótast af sögusýn eða pólítískum skoðunum. Um síðustu aldamót gaf Loftur Guttormsson sagnfræðingur þessum heitum aftur á móti afmarkaðri og þrengri merkingu hverju um sig eins og nauðsynlegt er í nútímarannsóknum. Þegar tekið er tillit til sundurgreiningar hans ber hér áreiðanlega að nota siðbreytingarheitið enda felst rauði þráður danska afmælisritsins í að greina hvernig hugmyndir Lúthers hafi náð fram að ganga í Danaveldi, hvernig þær hafi aðlagast þarlendum staðháttum og hver áhrif þeirra hafi verið allt til afmælisársins. Þetta kemur vel fram í afmörkun ritstjóranna á viðfangsefni sínu og meðhöfunda sinna en því lýstu þeir svo að það felist í að leita uppi áhrif siðbótarinnar á lengdina og breiddina í danskri kristni en ekki síður á hinum ýmsu sviðum dansks samfélags, allt frá stjórnámálum og hverdagslífi til fjölmiðla og lista.² Þannig fólst verkefnið ekki í að

² Verk af þessu tagi skortir enn hér á landi. Þó má benda á tilraunir undirritaðs til að hefja það verk sem birtust í tveimur greinum í *Ritun: Tímariti Hugvísindastofnunar* árið 2019: Hjalti Hugason, „Áhrif siðbótarinnar á Íslandi: Tilraun til jafnvægisstillingar“ fyrri og síðari grein, *Ritið* 1 og 2/2019 slóðir: <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/61/52> og <https://ritid.hi.is/index.php/ritid/article/view/72/63> (opinn aðgangur).

segja atburðasögu heldur að leggja grunn að áframhaldandi mati á fjölbreyttum áhrifum siðbótarinnar á danskt samfélag. Þeir leggja því áherslu á að í verkinu myndi Danmörk þungamiðju verksins. Fólk verði á hinn bóginn að leita annað til að afla sér upplýsinga t.d. um guðfræði Lúthers. Á grundvelli þessarar afmörkunar eða ritstjórnarstefnu mynda bækurnar þrjár sannfærandi heild og þar kemur munur afmælisritanna tveggja best í ljós. Íslenska ritið, *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, vakti að sönnu ekki mikla athygli. Þó birtist um það dómur í tímaritinu *Sögu* þar sem bent var á að framan af myndaði það samstæða heild sem tengdist tilefninu á trúverðugan máta en undir lokin sé nánast „[...] stigið út úr efnissviði bókarinnar.“ Getur ritdómari sé til að það sé gert í því skyni að jafna kynjahlutföll í höfundahópnum eða „[...] mæta efnisframboði frá ágætum höfundum [...]“. Þar segir og: „Síðasti hluti [ritisins] birtist líka dálítið eins og efnislegir afgangar sem vildu ekki rúmast með öðru.“³ Þessum dómi getur undirritaður ekki annað en samsinnt þótt honum sé málið vissulega skylt! Hér má þó e.t.v. benda á aðstöðumuninn. Danskt rannsóknarsamfélag er margfalt fjölmennara en hið íslenska og því að líkindum auðveldara að mynda samhæfða rannsóknarhópa. Í íslenska fámenninu verður frekar að sæta því sem býðst. Þá má vera að hið beina umbunarkerfi sem tíðkast í rannsóknum við Háskóla Íslands geri það að verkum að fólk vilji frekar halda sig á heimavelli en gangast undir fyrirfram mótaða stefnu ritstjóra. Slíkt krefst vissulega meiri undirbúningsvinnu og dregur úr afköstum. Þetta er ekki sagt til að réttlæta *Ábrif Lúthers* heldur aðeins til að benda á að ýmsar ytri aðstæður hafa margháttað áhrif á rannsóknir og birtingar — jafnvel þegar hafist er handa af ákveðnu tilefni.

Svo að horfið sé aftur að sundurgreiningu Lofts Guttormssonar er *siðbótin*, þ.e. kirkjulegt endurskoðunarstarf Lúthers, augljóslega í forgrunni í fyrsta bindi danska afmælisritsins. Í tveimur síðari bindunum er á hinn bóginn gengið út frá langtímasjónarhorni sem gerir það að verkum að þau fjalla fremur um siðbreytinguna en siðbótina. Í öllum bindunum er sjónarhornið breitt þar sem áhrifa Lúthers og siðbótarinnar er ekki aðeins leitað á sviði kirkjunnar heldur hvarvetna í samfélaginu og hverdagslegu lífi. Í hverju af bindunum þremur er þannig fjallað um tíu málaflokka sem kallaðir eru: 1) Danmörk í Evrópu, 2) siðbótartúlkarnir, 3) (fjöl)miðlar og boðskapur, 4) ríkið og samfélagið, 5) kirkjan í samfélaginu, 6) guðfræðin, 7) trúin í framkvæmd, 8) hversdagslífið, 9) skólinn og 10) listin.

Í inngangskafla sínum, „Reformationen som kirkeligt og kulturelt program“ (1: bls. 13–31), reifa ritstjórnarnir ýmsar áhugaverðar spurningar m.a. um hvort siðbótin hafi hugsanlega mistekist í Danmörku og hvort lútherskan hafi aldrei komist þar á í raun og veru. Þessu skylt er að þeir benda á að mögulegt sé að vera lútherskur á marga mismunandi vegu, sem og að „hið lútherska“ hafi fyrr á tímum komið fram á einhvern allt annan máta en það er talið gera nú. Hér boða þeir ákveðna sögulega afstæðishyggju og benda á að slagorðið *ecclesia semper reformanda* — sem sumir halda að sé frá sextánda öld og eigna jafnvel Lúther sjálfum — boði að í eðli eða erfðamengi, sjálfu DNA, siðbótarinnar liggi stöðug hreyfing og þar af leiðandi breytingar. Þegar litið er til efnisflokka tíu sem ritið spannar og tímabilsins sem þar liggur til grundvallar, 1517–2017, er ljóst að *siðbreytingin* er helsta umfjöllunarefnið, en með því hugtaki er samkvæmt sundurgreiningu Lofts átt við þá þróun sem leiddi til þess að Danir, í þessu tilviki, urðu fyrr eða síðar lúthersk þjóð — hvað sem það svo merkir á hverjum tíma. *Siðaskiptin*, eða trúarpólítísku umskiptin þegar lúthersk kirkjuskipan var innleidd í stað hinnar rómversku, koma hins vegar lítt við sögu í ritinu enda er þar ekki fengist við atburðasögu.

³ Gunnar Karlsson, „Ritdómur: *Ábrif Lúthers* [...]“, *Saga* 56:1/2018, bls. 213–217, hér 215–216.

Í inngangi sínum fjalla ritstjórnir á áhugaverðan hátt um siðbótina sem kirkjulegt og samfélagslegt „program“ eða stefnuskrá. Undir fyrrnefnda liðnum velta þeir upp spurningu sem einnig kom við sögu í íslenska verkefni um áhrif Lúthers. Við kölluðum það viðfangsefni „samhengi eða rof“ meðan Danirnir spyrja: „Reformation eller revolution?“ Í báðum tilvikum er niðurstaðan raunar sú sama, þ.e. að samhengið á siðaskiptatímanum hafi vegið þyngra en rofið. Í því sambandi er bent á að kirkjustofnunin hafi haldið sjó í Danmörku að því frátöldu að rómversku biskuparnir voru hnepptir í (stofu)fangelsi og nýir setti í þeirra stað. Þar hefur vegið þungt að völd miðaldabiskupanna náðu langt út fyrir það sem fylgjendur Lúthers litu á sem kirkjulegt eða trúarlegt svið. Biskuparnir sátu m.a. í ríkisráði. Á hinn bóginn er ekki vitað til að neinn prestur í Danmörku hafi verið settur af vegna breytingarinnar. Safnaðarlífið hefur því haldið áfram eins og ekkert væri. Í hinni kirkjulegu stefnuskrá fólst sem sé einvörðungu að áherslubreyting varð fyrr eða síðar í boðskapum sem fluttur var. Lögð var áhersla á fagnaðarerindið um að maðurinn öðlaðist réttlætingu vegna náðarinnar (l. *sola gratia*) og trúarinnar (l. *sola fide*) en ekki fyrir verk eða með afláti. Vissulega kemur fram að lútherstrúarmenn hafi ekki haft einkaleyfi á þessari áherslu heldur megi einnig finna henni stað á miðöldum og meðal endurreisnarhúmanista þótt annað hafi orðið ofan á hjá rómversku prelátunum. Aðrar breytingar sem urðu af völdum siðbótarinnar á sviði kirkjulífsins voru svo að helgisiðir voru yddaðir á þann veg að ofangreind áherslubreyting kæmi sem best fram í trúariðkuninni.

Hina samfélagslegu stefnuskrá siðbótarinnar telja ritstjórnir aftur á móti að finna í guðfræði Lúthers um góðu verkin. Þau höfðu að hans mati ekkert sáluhjálpargildi frammi fyrir Guði (l. *coram Deo*) heldur fólst gildi þeirra í hversdagslegum, samskiptum fólks (l. *coram hominibus*). Meðbræður og -systur hins kristna manns voru í þörf fyrir góðverk hans en ekki Guð. Á grundvelli þessarar guðfræði telja ritstjórnir að Lúther hafi raunverulega gert byltingu. Alþjóðleg tákmynd hennar var ekki atburðurinn 31. október 1517 heldur það sem gerðist 10. desember 1520 er Lúther brenndi bannfæringarbréf páfa og eintak af kirkjuréttinum. Bent er á að þetta hafi haft sömu merkingu og ef stór hluti stjórnarskrárinnar og hegningarlagaanna væri meðhöndlaður á sama hátt nú. Hin félagslega stefnuskrá sem Lúther þróaði í áframhaldinu telja þeir síðan koma fram í virkri þátttöku almennings á vettvangi kirkjunnar sem notaði þjóðtunguna í auknum mæli í starfi sínu, nýjum tengslum kirkju og ríkis, endurskipulagningu alls menntakerfisins, endurhugsun á vettvangi atvinnuveganna á grundvelli lútherskrar köllunarguðfræði, veraldarvæðingu heilbrigðis- og velferðarkerfisins, nýrri hjónabandsguðfræði og nýjum hugmyndum um stöðu einstaklingsins (sbr. hugmyndirnar um frelsi kristins manns).

Þegar augum er rennt yfir þessa upptalningu og hún heimfærð upp á íslenskt samfélag frá sextánda öld til þeirrar tuttugustu vaknar áhugaverð spurning um að hversu miklu leyti sé mögulegt að líta svo á að þessi stefnuskrá hafi komist til framkvæmda hér á landi og þá fyrir lúthersk áhrif eins seint og hún tók að segja til sín. Svör danska afmælisritsins við þessari spurningu haldast í hendur við framangreindan skilning um að í raun og veru hafi eitthvað „hrein lútherskt“ aldrei verið til heldur hafi lútherskan þvert á móti ávallt lifað og hrærst í samlífi við aðrar stefnur og strauma sem torvelt sé að greina í sundur. Þannig telja ritstjórnir dónsku að sjaldnast sé mögulegt að einangra ótvíræð áhrif siðbótarinnar heldur hafi ávallt verið um sögulegt ferli að ræða þar sem áhrif siðbótarinnar og kirkjunnar hafi fléttast saman við margs konar aðra áhrifaþætti. Því sé sjaldnast mögulegt að halda því fram

að samfélags- eða menningarbreytingar hafi orðið fyrir lúthersk áhrif heldur aðeins að slíkra áhrifa hafi gætt í meira eða minna mæli í samþættingu við aðra áhrifavalda.

Þetta er í athyglisverðri andstöðu við túlkun flestra íslenskra guðfræðinga eins og hún blasti við á siðbótarárinu og í kjölfar þess. Þeir litu almennt svo á að hugmyndir Lúthers hafi verið líkt og fræ sem sefur í frosti öldum saman en springur svo allt í einu út — að því er virðist án annarra aflvaka — í lýðræðis- og velferðarsamfélögum síðnútímans. Þessi mismunandi hugsunarháttur felst eflaust í því að guðfræðingar vinna frekar með ímynd en raunmynd, enda þótt sagnfræðingar hafi aftur á móti í seinni tíð tekið að einbeita sér frekar að raunmyndinni.⁴

Efnisskipan milli bindanna þriggja í danska afmælisritinu er þannig að hið fyrsta nær fram til 1700 þar sem annað bindið tekur við. Er þar miðað við tilkomu píetismans og síðar upplýsingarinnar. Við þessa skiptingu er gengið út frá að á þessum tíma hafi nýjar siðbótar- „bylgjur“ komið til sögunnar. Er þá litið svo á að fyrsta bylgja siðbótarinnar á sextánda öld hafi falist í siðbót kirkjunnar og samfélagsins en á sautjándu öld hafi siðbót líkamans tekið við með rétttrúnaðar- og umfram allt iðrunarguðfræðinni. Á átjándu öld hafi svo siðbót hjartans í píetismanum og síðar heilans eða skilningsins í upplýsingunni rutt sér til rúms. Um þær tvær bylgjur er fjallað í öðru bindinu, auk dönsku gullaldarinnar á nítjándu öld sem átti einmitt rætur í píetismanum og upplýsingunni. Þriðja bindið fjallar svo um tímabilið 1914–2017 og er þar miðað við afhelgunina, einstaklings- og lýðræðisvæðinguna, auk fjölhyggjunnar. Líta má á það tímabil sem eftir-lútherskt. Með það í huga er vel við hæfi að þessu síðasta bindi ljúki með ellefu ritgerðum undir sameiginlegu fyrirsögninni „Den fortsatte reformation“ sem síðan er heimfærð upp á þröngt afmörkuð viðfangsefni. Þar var höfundum gefinn kostur á að velta upp spurningunni hvernig mögulegt sé að halda siðbótinni á lífi við danskar aðstæður. Þarna er ekki aðeins litið til samtímans heldur einnig fram í tímann. Þess vegna eru allir titlarnir settir fram í spurnarformi. Má líklega segja að þarna sé leitast við að meta þanþol og endingu lútherskrar guðfræði frammi fyrir áskorunum samtímans og framtíðarinnar að því leyti sem mögulegt er að geta sér til um þær.

Reformationen i dansk kirke og kultur 1–3 býður upp á fjölbreytta og spennandi lesningu sem vekur til umhugsunar um mikilvægan þátt í menningu Evrópu — ekki síst okkar Norðurlandabúa. Hér er ekki um sjálfhverfa, kirkjulega eða guðfræðilega umræðu að ræða enda er eitt af markmiðum ritstjórnanna að ritið styrki menningarlegt langtímaminni hjá lesendunum og vinni gegn þeirri tilhneigingu sem vissulega gætir í samtímanum að taka aðeins tillit til atburða, stefna og strauma allra síðustu áratuga. Hér er boðið upp á 500 ára langt sjónarhorn á danska og að einhverju leyti samnorræna þróun á sviði kirkju, menningar og samfélags.

⁴ Með ímynd er hér átt við hugmyndir og/eða stefnumótun sem reynt er að hrinda í framkvæmd en raunmynd er aftur á móti fyrst og fremst viðhaft um framkvæmdina. Með aðgreiningunni fæst gott tæki til að meta t.d. áhrif hugmynda og framkvæmd stefnu. Eins og allir vita getur oft verið mikill munur á þessu tvennu. Á bannárunum var t.a.m. stefnt að áfengislausu Íslandi. Innflutningur, framleiðsla og sala áfengis var því bönnuð. Drykkjuskapur var hins vegar mikill hér á tímabilinu.